

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 42

3. árgangur

21.9.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/42/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.821 - Baxter/Immuno)01
96/EES/42/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.823 - John Deere Capital Corp./Lombard North Central plc)02
96/EES/42/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.829 - Thyssen/Böhler Uddeholm)03
96/EES/42/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.705 - Deutsche Telekom/SAP-S)04
96/EES/42/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.730 - IP/Reuters)04
96/EES/42/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.751 - Bayer/Hüls)05

96/EES/42/07	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans (Mál nr. IV/35.518 - Iridium)05
96/EES/42/08	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna og annarra aðila sem eiga hagsmuna að gæta um viðbótaraðlögunartímabil að beiðni Grikklands06
96/EES/42/09	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna og annarra aðila sem eiga hagsmuna að gæta um viðbótaraðlögunartímabil að beiðni Lúxemborgar06
96/EES/42/10	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna og annarra aðila sem eiga hagsmuna að gæta um viðbótaraðlögunartímabil að beiðni Portúgals07
96/EES/42/11	Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/8907
96/EES/42/12	Orðsending frá Hollandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni08
96/EES/42/13	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Breytingar franskra stjórnvalda hvað varðar skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi08
96/EES/42/14	Tilvísunarnúmer fyrir tilkynningu á útflutningi tiltekinna hættulegra kemískra efna08
96/EES/42/15	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 22. 7. til 2. 8. 199609
96/EES/42/16	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir11
3. Dómstóllinn	
96/EES/42/17	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna14
96/EES/42/18	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi15

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.821 - Baxter/Immuno)

96/EES/42/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. 9. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem bandaríska fyrirtækið Baxter International Inc. öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Immuno International AG, sem er með höfuðstöðvar í Sviss, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Baxter: framleiðsla og markaðssetning á vörum og þjónustu til sjúkrahúsa og annarra heilsugæslustofnana, aðallega vörum sem notaðar eru til aðhlyningar á nýrnasjúklingum, plasmaafleiðum, vörum sem notaðar eru í tengslum við hjarta- og æðasjúkdóma, bláæðarkerfum, og kerfum til að hafa eftirlit með heilsugæslukostnði,
 - Immuno: framleiðsla og sala á plasmaafleiðum, bóluefni og öðrum lyfjavörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 273, 19. 9. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.821 - Baxter/Immuno, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.823 - John Deere Capital Corp./Lombard
North Central plc)

96/EES/42/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. 9. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin John Deere Capital Corporation, sem er undir yfirráðum Deere & Company (Bandaríkjunum), og Lombard North Central plc (Breska konungsríkinu), sem er undir yfirráðum National Westminster Bank plc (Breska konungsríkinu), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir John Deere Credit Ltd (Breska konungsríkinu).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - John Deere Capital Corp.: framleiðsla og dreifing á landbúnaðartækjum og öðrum búnaði,
 - Lombard North Central plc: banka- og fjármálaþjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjórn. EB nr. C 271, 17. 9. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.823 - John Deere Capital Corp./Lombard North Central plc, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjórn. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórn. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.829 - Thyssen/Böhler Uddeholm)**

96/EES/42/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. 9. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Thyssen Stahl AG, sem er undir yfirráðum Thyssen-samstæðunnar og Böhler Uddeholm AG, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Böhler Thyssen Schweibtechnik GmbH, sem er nýstofnað fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Thyssen Stahl AG: framleiðsla og sala á stálvörum,
 - Böhler Uddeholm AG: framleiðsla og sala á stálvörum,
 - Böhler Thyssen Schweibtechnik GmbH: framleiðsla og sala á soðnum rörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 272, 18. 9. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.829 - Thyssen/Böhler Uddeholm, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.705 - Deutsche Telekom/SAP-S)**

96/EES/42/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. 3. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0705. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.730 - IP/Reuters)**

96/EES/42/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. 7. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CLX“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0730. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(¹) Stjórnartíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórnartíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.751 - Bayer/Hüls)****96/EES/42/06**

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. 7. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0751. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins 96/EES/42/07
nr. 17/62⁽²⁾ um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu
samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans (Mál nr. IV/35.518 - Iridium)**

Stjórnardeild IV hóf 2. maí 1995 málsmeðferð að eigin frumkvæði í tengslum við tvö einstaklingsgervihnattasamskiptakerfi (S-PCS) sem eiga í samkeppni við Inmarsat-P: Iridium og Globalstar. Í kjölfarið var þann 11. ágúst 1995 tilkynnt formlega um samningana sem liggja til grundvallar Iridium-kerfinu.

Iridium-kerfið var hannað af bandaríska fyrirtækinu Motorola Inc. árið 1987 til að veita hnattræna stafræna þráðlausa samskiptaþjónustu þar sem notuð er samstæða lágbrautagervihnatta (LEO). Iridium reiknar með að verða fyrsta fyrirtækið sem býður uppá hnattræna S-PCS þjónustu. Áætlað er að hefja rekstur kerfisins þann 1. október 1998.

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins gagnvart Iridium-kerfinu. Áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar á eftirfarandi heimilisfang með tilvísun til „IV/35.518 - Iridium“:

Commission of the European Union
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
200 Rue de la Loi
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

96/EES/42/08

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna og annarra aðila sem eiga hagsmuna að gæta um viðbótaraðlögunartímabil að beiðni Grikklands

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. í tilskipun 90/388/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 96/19/EB, hafa grísk stjórnvöld með bréfi frá 25. júní 1996 farið fram á aðlögunartímabil:

- til 1. janúar 2003 hvað varðar ákvæði um afnám einkaréttar OTE á talsímaþjónustu og grunnvirkjum sem samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/388/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 96/19/EB, áttu að koma til framkvæmda fyrir 1. janúar 1998;
- til 1. júlí 2001 hvað varðar afnám takmarkana á fjarskiptaþjónustu sem þegar hefur verið gefin frjáls fyrir:
 - a) net sem komið er á af þeim sem veitir fjarskiptaþjónustuna,
 - b) grunnvirki sem þriðji aðili lætur í té, og
 - c) samnotkun neta, annarri aðstöðu eða búnaði,

sem samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/388/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 96/19/EB, áttu að koma til framkvæmda fyrir 1. júlí 1996.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með öðrum aðildarríkjum og viðkomandi aðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB nr. C 257, 4. 9. 1996. Framkvæmdastjórnin mun taka til greina allar upplýsingar sem veittar eru innan þessa frests þegar hún tekur ákvörðun varðandi beiðni grískra stjórnvalda.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Grikkland.

96/EES/42/09

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna og annarra aðila sem eiga hagsmuna að gæta um viðbótaraðlögunartímabil að beiðni Lúxemborgar

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. í tilskipun 90/388/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 96/19/EB, hafa stjórnvöld í Lúxemborg með bréfi frá 28. júní 1996 farið fram á aðlögunartímabil:

- til 1. janúar 2000 hvað varðar ákvæði um afnám einkaréttar póst- og símamálastofnunar Lúxemborgar (Entreprise des Postes et Télécommunications (EPT)) á talsímaþjónustu og grunnvirkjum sem samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/388/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 96/19/EB, áttu að koma til framkvæmda fyrir 1. janúar 1998;
- til 1. júlí 1998 hvað varðar afnám takmarkana á fjarskiptaþjónustu sem þegar hefur verið gefin frjáls fyrir:
 - a) net sem komið er á af þeim sem veitir fjarskiptaþjónustuna,
 - b) grunnvirki sem þriðji aðili lætur í té, og
 - c) samnotkun neta, annarri aðstöðu eða búnaði,

sem samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/388/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 96/19/EB, áttu að koma til framkvæmda fyrir 1. júlí 1996.

Framkvæmdastjórnin veitir öðrum aðildarríkjum og viðkomandi aðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB nr. C 257, 4. 9. 1996. Framkvæmdastjórnin mun taka til greina allar upplýsingar sem veittar eru innan þessa frests þegar hún tekur ákvörðun varðandi beiðni stjórnvalda í Lúxemborg.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Lúxemborg.

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjana og annarra aðila sem eiga hagsmuna að gæta um viðbótaraðlögunartímabil að beiðni Portúgals

96/EES/42/10

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. í tilskipun 90/388/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 96/19/EB, hafa portúgölsk stjórnvöld með bréfi frá 28. júní 1996 farið fram á aðlögunartímabil:

- til 1. janúar 2000 hvað varðar ákvæði um afnám einkaréttar póst- og símamálastofnunar Portúgals á talsmáþjónustu og grunnvirkjum sem samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/388/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 96/19/EB, áttu að koma til framkvæmda fyrir 1. janúar 1998;
- til 1. júlí 1999 hvað varðar afnám takmarkana á fjarskiptaþjónustu sem þegar hefur verið gefin frjáls fyrir:
 - a) net sem komið er á af þeim sem veitir fjarskiptaþjónustuna,
 - b) grunnvirki sem þriðji aðili lætur í té, og
 - c) samnotkun neta, annarri aðstöðu eða búnaði,

sem samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/388/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 96/19/EB, áttu að koma til framkvæmda fyrir 1. júlí 1996.

Framkvæmdastjórnin veitir öðrum aðildarríkjum og viðkomandi aðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB nr. C 260, 7. 9. 1996. Framkvæmdastjórnin mun taka til greina allar upplýsingar sem veittar eru innan þessa frests þegar hún tekur ákvörðun um beiðni portúgalskra stjórnvalda.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Portúgal.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89

96/EES/42/11

Rannsókn framkvæmdastjórnarinnar á fyrirhuguðum samruna fyrirtækjana Blokker BV og Toys R Us BV⁽¹⁾ hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að þessi aðgerð sé ekki nógu raunhæf til þess að hægt sé að meta hana á grundvelli reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89.

⁽¹⁾ Sjá Stjtið. EB nr. C 216, 26. 7. 1996 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 1. 8. 1996, bls. 2.

**Orðsending frá Hollandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins 96/EES/42/12
og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun
leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni⁽¹⁾**

Í samræmi við næstsíðustu setningu í 1. mgr. 5. gr. framannefndrar tilskipunar tilkynnir fjármálaráðherra hér með að hvað varðar Holland hafi skilyrði í skilningi 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar verið birt í Staatscourant [Stjórnartíðindum Hollands] 93/1996 (3. kafli reglugerðar um leyfi fyrir olú- og gasvinnslu á grunnsævi fyrir árið 1996 og 3. kafli reglugerðar um leyfi og sérleyfi fyrir vinnslu á jarðefnum á hollensku yfirráðasvæði fyrir árið 1996).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 96/EES/42/13
1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92
Breytingar franskra stjórnvalda hvað varðar skyldur um opinbera
þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi**

Frönsk stjórnvöld hafa ákveðið að breyta skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Parísar (Orly) og Brive sem birtust í Stjttíð. EB nr. C 248, 28. 10. 1995 og EES-viðbæti við Stjttíð. EB nr. 41, 2. 11. 1995 í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 260, 7. 9. 1996).

**Tilvísunarnúmer fyrir tilkynningu á útflutningi tiltekinna
hættulegra kemískra efna 96/EES/42/14**

Framkvæmdastjórnin birti tilvísunarnúmer fyrir tilkynningu á útflutningi tiltekinna hættulegra kemískra efna, sbr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92 frá 23. júlí 1992 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna⁽²⁾ (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 253, 31. 8. 1996).

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 2.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 251, 29. 8. 1992, bls. 13.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 22. 7. til 2. 8. 1996

96/EES/42/15

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM(96) 344	CB-CO-96-343-EN-C ⁽¹⁾	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar - Aukið samstarf á sviði rannsókna og tæknipróunar við lönd þar sem uppgangur er í efnahagslífinu	19.7.1996	22.7.1996	29
COM(96) 356	CB-CO-96-361-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins um gerð samnings um fiskveiðitengsl milli Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Litáens	18.7.1996	22.7.1996	22
COM(96) 375	CB-CO-96-376-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um þriðju breytingu á tilskipun 88/344/EEB um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi leysisfni sem notuð eru við framleiðslu matvæla og efnisþátta sem notaðir eru við matvælavinnslu	22.7.1996	23.7.1996	6
COM(96) 244	CB-CO-96-253-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd tilskipunar 91/671/EEB frá 16. desember 1991 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn	23.7.1996	24.7.1996	26
COM(96) 379	CB-CO-96-379-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins um að koma á eftirliti með óháðum bandalagstollkvótum fyrir ákveðnar fiskafurðir (önnur röð 1996)	23.7.1996	24.7.1996	7
COM(96) 385	CB-CO-96-383-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um fjárframlög bandalagsins fyrir árið 1996 til sænskra yfirvalda vegna útgjalda þeirra við sleppingu gönguseiða	23.7.1996	24.7.1996	8
COM(96) 386	CB-CO-96-384-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins um breytingu á reglugerð (EEB) nr. 2874/93 hvað varðar tímamörk fyrir ákvörðun ráðsins um staðsetningareftirlitskerfi um gervihnetti fyrir fiskveiðiskip bandalagsins	23.7.1996	24.7.1996	5
COM(96) 414	CB-CO-96-398-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar um breytingar sem Evrópuþingið lagði til varðandi sameiginlega afstöðu ráðsins hvað varðar tillögu að tilskipun ráðsins um verndun launþega gegn hættu í tengslum við krabbameinsvaldandi efni á vinnustað	24.7.1996	24.7.1996	15
COM(96) 372	CB-CO-96-375-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 40/94 frá 20. desember 1993 um vörumerki bandalagsins í kjölfar staðfestingar Evrópubandalagsins á bókun um Madríd-ar-samninginn um alþjóðaskráningu á vörumerkjum sem var samþykktur í Madríd 27. júní 1989	24.7.1996	25.7.1996	37
COM(96) 390	CB-CO-96-387-EN-C	Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1254/96/EB um röð viðmiðunarreglna fyrir samevrópsku orkunetin	24.7.1996	25.7.1996	12

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- fjöldi
COM(96) 393	CB-CO-96-388-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um	24.7.1996	25.7.1996	23
COM(96) 404	CB-CO-96-396-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3075/95 um ákveðnar ráðstafanir fyrir 1996 í tengslum við varðveislu og stjórnun fiskveiðiauðlinda sem gilda um skip sem sigla undir norskum fána	26.7.1996	26.7.1996	6
COM(96) 401	CB-CO-96-392-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar á breytingum sem Evrópuþingið lagði til á sameiginlegri afstöðu ráðsins hvað varðar tillögu að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskirteini	18.7.1996	18.7.1996	5
COM(96) 346	CB-CO-96-345-EN-C	Skýrsla frá framkvæmdastjórninni til ráðsins, Evrópuþingsins og efnahags- og félagsmálanefndarinnar - Önnur ársskýrsla um framkvæmd aðgerðaráætlunar um að koma á þróaðri sjónvarpsþjónustu í Evrópu	26.7.1996	29.7.1996	45
COM(96) 342	CB-CO-96-341-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um sameiginleg rammákvæði fyrir almenn og einstök leyfi á sviði fjarskiptaþjónustu	31.7.1996	31.7.1996	21
COM(96) 412	CB-CO-96-404-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um sameiginlegar reglur í tengslum við þróun á innri markaðinum fyrir pósthjónustu bandalagsins og auknum gæðum þjónustunnar	31.7.1996	31.7.1996	14
COM(96) 418	CB-CO-96-400-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 90/387/EBE og 92/44/EBE í því skyni að koma á samkeppni á fjarskiptasviðinu	31.7.1996	1.8.1996	10

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

96/EES/42/16

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0231-I	Reglugerð um framkvæmd á lögum nr. 128 frá 10. apríl 1991 um upplýsingar til neytenda	23.9.1996
96-0232-I	Drög að úrskurði um viðurkenningu á prófunaraðferðum til ensimgreiningar á mjólkursýru í mjólk	16.9.1996
96-0233-D	Drög að lögum um aukid vægi mengandi efna í útblæstri við skattlagningu einkabíla	(5)
96-0234-F	B22 21A: Meginreglur um prófun í tengslum við viðurkenningu á ISDN-endaáðlögunarbúnaði og ISDN-samskiptakortum með örvun á innri tengibúnaði	18.9.1996
96-0235-NL	Reglugerð um reglur fyrir mælitæki: Drög að reglum um tæki til mælingar á þéttleika	25.9.1996
96-0236-UK	Reglugerðir um umferðarmerki (4. breyting) (Norður-Írland) 1996	26.9.1996
96-0237-UK	Reglugerðir um upphækkaðar hraðahindranir á vegum (breyting) (Norður-Írland) 1996	26.9.1996
96-0238-B	Drög að konunglegri tilskipun um breytingu á konunglegri tilskipun frá 3. mars 1992 um markaðssetningu á næringarefnum og matvælum með íbættum næringarefnum	25.9.1996
96-0239-A	Sambandsríkjalög um örugga gáma	23.9.1996
96-0240-B	Samstarfssamningur milli Flandurs, Vallóníu og Brussel um meðferð umbúðargangs	14.10.1996
96-0241-UK	Fyrirmæli um skírteini fyrir nautgripi, 1996	(4)
96-0242-DK	Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum nr. 1004 frá 14. desember 1995 um takmörkun á sölu og notkun tiltekinnna skaðlegra kemískra efna og á vörum til sérstakra nota	2.10.1996
96-0243-UK	Reglugerðir um umferðarskilti (breyting) og almennar leiðbeiningar, 1997	4.10.1996
96-0244-S	Reglugerðir um tækniröfur fyrir endabúnað í almenna norræna farsímakerfinu NMT—450 og NMT—900	2.10.1996
96-0245-NL	Drög að áætlun til margra ára um hættulegan úrgang II (MJP-GA II)	2.10.1996
96-0246-F	Drög um flokkun og reglur um jarðskjálftapolnar byggingar í flokknum „eðlileg áhætta“, sem er skilgreindur í fyrirmælum nr. 91-461 frá 14. maí 1991 um forvarnir gegn jarðskjálfta	3.10.1996
96-0247-D	Önnur fyrirmæli um breytingu á framkvæmdarfyrirmælum um plöntuvernd	3.10.1996
96-0248-F	Fyrirmæli um efni og hluti sem eru notaðir í búnaði fyrir framleiðslu, meðferð og dreifingu á drykkjarvatni	4.10.1996
96-0249-UK	Fyrirmæli um nautakjöt (hraðvirkt eftirlit) (niðurfelling) 1996	(4)
96-0250-UK	Fyrirmæli um nýtt kjöt (eftirlit með nautakjöti) 1996	(4)
96-0251-F	SP/DGPT/ATAS/34: Tæknileg reglugerð fyrir DCS-endabúnað, fasa 2, fyrir einstaklingssamskiptanet samkvæmt staðlinum DCS 1800	4.10.1996

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaáðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og áðildarríkjum.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0252-B	Frumvarp til laga um bann við tóbaksauglýsingum	14.10.1996
96-0253-B	Lög um framleiðslustaðla til verndar umhverfinu og heilsu almennings og til að stuðla að varanlegu framleiðslu- og neyslumynstri	14.10.1996
96-0254-S	Tilskipun um ábyrgð framleiðanda á umbúðum	10.10.1996
96-0255-S	Reglugerðir um innflutning og flutning á sprengjufimur vörum	10.10.1996
96-0256-S	Tilskipun um hámarks magn tiltekinna þungmálma í umbúðum	10.10.1996
96-0257-S	Tilskipun um breytingu á tilskipun (1985:839) um kadmíum	10.10.1996
96-0258-S	a) Reglugerðir frá eftirlitsstofnuninni fyrir kemísk efni um breytingu á reglugerðum (KIFS 1995:6) um undanþágu frá banninu í tilskipun (1991:1289) um tiltekin leysiefni sem innihalda klórefni b) Undanþágugjöld - metýlenklóríð, tríklórétýlen	9.10.1996
96-0259-F	Tilskipun um breytingu á tilskipun nr. 88-466 frá 28. apríl 1988 um vörur sem innihalda asbest	(4)
96-0260-I	Tækniforskriftir fyrir rásaveljara/afkótara fyrir móttöku á venjulegum og kótuðum stafrænum sjónvarpsmerkjum sem send eru um kapal og/eða gervihnetti („Set top box“)	9.10.1996
96-0261-E	Drög að konunglegri tilskipun um samþykki á reglugerðum um leikja- og spilavélar	17.10.1996
96-0262-E	Ráðherrafrýrmæli um breytingu á tilvísunum til UNE-staðla í viðbæti við konungstilskipun 1313/1988 frá 28. október	17.10.1996
96-0263-E	Drög að tilskipun um tæknilega sjúkraflutninga í Navarra	17.10.1996
96-0264-P	Drög að tilskipun um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs	Útrunnið
96-0265-FIN	Ákvörðun ríkisráðsins um efni sem eyða ósonlaginu	3.10.1996
96-0266-F	Fyrirmæli um mælifræðilegt eftirlit með föstum geymslutönkum með ytri búnaði til yfirborðsmælinga	10.10.1996
96-0267-F	Fyrirmæli um smíði fastra geymslutanka með ytri búnaði til yfirborðsmælinga	10.10.1996
96-0268-NL	Matvæla- og lyfjatilskipun um yfirþrýstingsumbúðir	10.10.1996
96-0269-NL	Tillaga að breytingu á reglugerð um umbúðir og neytendavörur (lög um matvæli og lyf) (Stjórnartíðindi nr. 18/1980)	10.10.1996
96-0270-UK	TR 2179 Forskrift fyrir ofanjarðarkerfi til að greina fótgangandi vegfarendur á fótgöngubrú af Puffin-gerð	10.10.1996
96-0271-UK	TR 2182 Forskrift fyrir kerfi til að greina fótgangandi vegfarendur við gangstéttarbrúnir til notkunar við fótgöngubrú af Puffin-gerð	10.10.1996
96-0272-I	Umskipting á sporefnum asetófenon með grænu litarefni í blýlaust bensín	(5)
96-0273-P	Fjarskiptagrúnnvirki fyrir áskriftarnet (RITA) - ISDN-innstunga	31.10.1996
96-0274-NL	Matvæla- og lyfjareglugerð um kröfur um styrkleika flaskna undir áfengislausar drykkjarvörur	16.10.1996
96-0275-NL	Fyrirmæli um breytingu á byggingarreglugerð með tilliti til aðgengis að heimilum og eignum	21.10.1996
96-0276-FIN	Drög að fyrirmælum frá innlenda læknaáðinu um leyfi fyrir lyfjasölu með samhlíða innflutningi	17.10.1996
96-0277-I	Reglugerð um uppfærslu á ráðherratilskipun frá 21. mars 1973 um ákvæði um hreinlæti umbúða, fláta og áhalda sem ætlast er til að komi í snertingu við matvæli eða efna til persónulegra nota. Framkvæmd tilskipunar 96/11/EB	21.10.1996
96-0278-S	Reglugerð sænsku húsnæðisstofnunarinnar um breytingu á reglugerðum stofnunarinnar og almennar leiðbeiningar um gerðarsamþykki og framleiðslueftirlit	4.11.1996
96-0279-S	Reglugerðir frá póst- og símamálastjórninni um merkingu á fjarskiptabúnaði	13.11.1996
96-0280-S	Reglugerðir frá póst- og símamálastjórninni um tækniröfur fyrir fjarskiptabúnað til gagnflutninga með banddreifitækni á tíðnisviðinu 2400,0 - 2483,5 MHz	13.11.1996

(1) Ár – skráningarnúmer – upprunaáildarríki.

(2) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og áildarríkjum.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0281-S	Reglugerðir frá póst- og símamálastjórninni um tækniröfur fyrir fjarskiptabúnað fyrir einkafjarskiptabúnað á tíðnisviðinu 26,960 - 27,410 MHz	13.11.1996
96-0282-S	Reglugerðir frá póst- og símamálastjórninni um tækniröfur fyrir fjarskiptabúnað fyrir skammdrægar sendingar á tíðnisviðinu 25 MHz - 25 GHz	13.11.1996
96-0283-S	Reglugerðir frá póst- og símamálastjórninni um tækniröfur fyrir fjarskiptabúnað fyrir umferð um landfarstöðvar á tíðnisviðinu 30 - 1000 MHz	13.11.1996
96-0284-S	Reglugerðir frá póst- og símamálastjórninni um tækniröfur fyrir fjarskiptabúnað fyrir umferð um landfarstöðvar á tíðnisviðinu 29,7 - 31,7 MHz með 10 kHz - rásaskiptingu	13.11.1996
96-0285-UK	Fyrirmæli um tilgreind efni úr nautgripum (nr. 3), 1996	Útrunnið
96-0288-F	Drög að greinargerð um frönsku lyfjaskrána	21.10.1996
96-0287-E	Reglugerð um leikja- og spilavélar í sjálfstjórnarhéraðinu Andalúsú	30.10.1996
96-0288-DK	Tæknilegar reglugerðir. Sendibúnaður fyrir staðbundnar FM-útsendingar	28.10.1996
96-0289-A	Fjarskiptastaðall fyrir radióendurvarpskerfi sem starfrækt eru á sviðinu 37 GHz til 39,5 GHz (FTV 473)	28.10.1996
96-0290-A	Fyrirmæli frá heilsu- og neytendaverndarráðuneytinu um merkingu á olíulömpum (gerðarviðurkenning á olíulömpum)	28.10.1996
96-0291-A	RVS 5.021 staðsetning, grundvallarreglur um staðsetningu	28.10.1996
96-0292-A	Fyrirmæli frá fylkisstjórninni í Vín um viðmiðunarmörk fyrir útblástur frá byggingarvélum (BMEV)	28.10.1996
96-0293-D	Fyrirmæli um líkbrennslustöðvar	31.10.1996
96-0294-NL	Reglugerð um mælibúnað: Drög að reglugerðum um mælibúnað til að ákvarða bremsuvirkni	30.10.1996
96-0295-D	Fyrirmæli um neyðarútgönguleiðir fyrir hreyfihlaða (neyðarútgönguleiðir fyrir hreyfihlaða - fyrirmæli - BeRettVO), júní-útgáfa 1996	30.10.1996
96-0296-D	Drög að tilskipun um brunavarnir í geymslum fyrir annars stigs plastefni (drög að tilskipun um geymslu á plastefni - MKLR), júní-útgáfa 1996	30.10.1996
⁽³⁾ ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

⁽⁵⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

96/EES/42/17

Úrskurður dómstólsins frá 14. maí 1996 í máli C-301/94: Air Inter gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál höfðað fyrir dómstólnum og dómstól bandalagsins á fyrsta dómstigi til að fá sömu ráðstafanir ógiltar - máli vísað frá vegna skorts á valdsvaldi dómstólsins á fyrsta dómstigi - málið sem höfðað var fyrir dómstólnum dregið til baka - valdsvið dómstólsins til að ákvarða í máli sem höfðað er af einstaklingi - vísað til dómstólsins á fyrsta dómstigi).

Mál C-149/96: Mál höfðað þann 3. maí 1996 af Lýðveldinu Portúgal gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál C-152/96: Mál höfðað þann 6. maí 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-159/96: Mál höfðað þann 10. maí 1996 af Lýðveldinu Portúgal gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-177/96: Beiðni um forúrskurð frá Rechtbank van Eerste Aanleg, Antwerpen, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 13. maí 1996 í máli a) belgíska ríkisins gegn 1. Banque Indosuez, 2. Stahlhandel Schmitz GmbH og 3. NV Rijn- og Kanaalvaart Expeditie og b) belgíska ríkisins gegn Evrópubandalaginu.

Mál C-192/96: Beiðni um forúrskurð frá Nederlandse Raad van State samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 31. maí 1996 í máli 1. Beside BV og 2. I. M. Besselsen gegn húsnæðis- borgar- og landlagsskipulagsráðherra.

Mál C-194/96: Beiðni um forúrskurð frá Bundessozialgericht samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 30. apríl 1996 í máli Hilmar Kulzer gegn Freistaat Bayern.

Mál T-197/96: Mál höfðað þann 10. júní 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-200/96: Beiðni um forúrskurð frá Landgericht Köln samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 18. apríl 1996 í málaferlum milli Metronome Musik GmbH og Music Point Hokamp GmbH.

Mál C-201/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal Administratif, París, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 3. apríl 1996 í máli Laboratoires de Thérapeutique Moderne (L.T.M.) gegn Fonds d'Intervention et de Régularisation du Marché du Sucre (F.I.R.S.).

Mál C-202/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal Administratif, París, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 3. apríl 1996 í máli Laboratoires Valda gegn Fonds d'Intervention et de Régularisation du Marché du Sucre (F.I.R.S.).

⁽¹⁾ Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 233, 10. 8. 1996.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 96/EES/42/18

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi (fimmta deild) frá 21. júní 1996 í máli T-226/94: Paul Dischamp SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (tímbundin stöðvun á smjörinnkaupum umboðsaðila - skaðabótamál).

Mál T-64/96: Mál höfðað þann 10. maí 1996 af Filippo de Jorio gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-79/96: Mál höfðað þann 24. maí 1996 af Camar SRL gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-82/96: Mál höfðað þann 29. maí 1996 af Associação dos Refinadores de Açúcar Portugueses (ARAP), Alcantara Refinarias - Açúcares S.A. og RAR Refinarias de Açúcar Reunidas S.A. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-83/96: Mál höfðað þann 29. maí 1996 af G. van der Wal gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-84/96: Mál höfðað þann 29. maí 1996 af CIPEKE, Comércio e Indústria de Papel, Ld.^a gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-86/96: Mál höfðað þann 31. maí 1996 af Arbeitsgemeinschaft deutscher Luftfahrt-Unternehmen og Hapag-Lloyd Fluggesellschaft mbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-89/96: Mál höfðað þann 11. júní 1996 af British Steel PLC gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-90/96: Mál höfðað þann 13. júní 1996 af Automobiles Peugeot S.A. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-96/96: Mál höfðað þann 17. júní 1996 af Telecom Italia SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-228/95 tekið af málaskrá: S. Lehrfreund Ltd gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 233, 10. 8. 1996.